

Aðalfundur FETAR 2019

Fundartími: 26.02.2019

Fundarstaður: Salur Ferðafélagsins 4x4 í Síðumúla.

Mættir eru:

- Anton Þ. Guðmundsson
- Ársæll Hauksson
- Haraldur G. Bender
- Hinrik Bjarnason
- Jón Páll Baldvinsson
- Kristján G. Kristjánsson
- Páll Halldór Halldórsson
- Ragnar Lövdal
- Sveinn Sigurður Kjartansson

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram. Formaður fer yfir störf stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga fyrir síðasta ár.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Ákvörðun félagsgjalds.
7. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setur fundinn og tilnefni ritara og fundarstjóra. Ritari er Sveinn Sigurður Kjartansson og fundarstjóri Kristján G. Kristjánsson.

Skýrsla stjórnar lesin upp af ritara fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

- Kynningarmál: Ólafur Hauksson almannatengill var fenginn til liðs við FETAR og tekur að sér stök afmörkuð verkefni til að byrja með.
- Fundur hjá Reykjavíkurborg 4. júní um ábyrga ferðaþjónustu í Reykjavíkurborg. Jón Páll og Sveinn fóru á fundinn og var Jón Páll með stutta og góða kynningu á FETAR og svaraði þeim spurningum sem settar voru fram í tengslum við fundinn.
- Verkefnafundur á vegum Reykjavíkurstofu um hvað megi betur fara í Reykjavík þar sem völdum ferðaþjónustuaðilum var boðin þátttaka og mættu Jón Páll og Sveinn á fundinn og tóku þátt.
- Fundur á Hellu með Vegagerðinni o.fl.: Vegagerðin er til í umræðuna. Jón Páll hefur verið í samskiptum við þá og skv. upplýsingum er í vinnslu að gera skilti sem bannar akstur allra nema breyttra bifreiða (except superjeeps) og nota á Þórsmerkurvegi. Það vantar hins vegar að skýra og afmarka betur skilgreiningu á heitinu breytt bifreið/ofurjeppi (superjeep).
- Málþing Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, Lögreglunnar og Vatnajökulsþjóðgarðs á Selfossi 26. febrúar: FETAR var boðin þátttaka og var Jón Páll með um 10 mín. kynningu á FETAR og ræddi um ábyrgð ferðaþjónustunnar í umgengni við náttúru landsins. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að félagar innan FETAR sitji ekki við sama borð og lægsti samnefnari í umferðinni þ.e. bílaleigubílar. Þessi aðkoma FETAR er skýrt merki um góðan árangur í kynningarmálum á síðast ári.

- Breytingamál - reglugerðir: Páll Halldór Halldórsson fór fyrir vinnu er snéri að því að kanna möguleikann á því að koma af stað vinnu við að endurmeta og lagfæra reglugerðir fyrir breyttar bifreiðar. Páll átti samtal við Kristófer sem starfar hjá Samgöngustofu og er með þessu mál á sinni könnu. Í raun væri það samgönguráðuneytið sem tæki á mögulegum breytingum eða lagfæringum t.d. varðandi þyngd sérútbúinna bifreiða sem væri mest aðkallandi þátturinn. Eftir þær þreifingar telur stjórn FETAR best að rugga ekki bátum í þessum efnunum og aðhafast ekki frekar að sinni.
- Heimasíða: Sveinn uppfærði útlit heimasíðu FETAR en nauðsynlegt er að flytja hýsingu síðunnar til öruggari hýsingaraðila þar sem síðan varð fyrir árás og setja þarf hana upp aftur. Umrædd árás átti sér stað í janúar 2019 og hefur ekki unnist tími til að fara í þessa vinnu enn sem komið er.
- G-suite: ákveðið var að kaupa aðgang að G-suite hjá Gmail fyrir tölvupóst- og skjalþjónustu FETAR.
- Félagaskrá hefur verið uppfærð og er hún vistuð á Google sheets svæði FETAR (G-suite) og er einnig birt á heimasíðu FETAR. Skráin uppfærir sjálfkrafa á heimasíðunni ef henni er breytt á Google sheets.
- Opinn félagafundur var haldinn 6. febrúar s.l. þar sem ýmis mál voru rædd t.a.m. lokanir í Vatnajökulspjöldgarði, gæðastefna FETAR, límmiðar fyrir félagsmenn, árleg jeppaferð FETAR o.fl.
- Veltutölur fyrirtækja innan FETAR: Ólafur Haukur almannatengill FETAR fékk lista yfir veltutölur helstu jeppafyrirtækja á Íslandi frá Credit Info. Var það fyrsta skrefið í að staðsetja FETAR innan ferðaþjónustunnar sem mikilvæg hagsmunasamtök á landsvísu.
- Árleg jeppaferð FETAR: skoðanakönnun á facebook kom vel út en 16 aðilar eru svo sannarlega til í það og 1 er alveg eins til í það. Enginn var neikvæður. Stjórnin gerir ráð fyrir 2ja náttu og 3ja daga ferð:
 - Lagt af stað föstudaginn 5. apríl.
 - Komið til baka sunnudaginn 7. apríl.
 - Áætlun A: Grímsfjall.
 - Áætlun B: Eyfirðingaleið norðan Hofsjökuls austur í Laugafell.

Á döfinni

- Samstarf með Landsbjörgu. Kristján mun viðra við Gísla Pál starfsmann Mountain Taxi um að taka það að sér.
- Samstarf við 4x4. Jón Páll skoðar.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri leggur fram reikninga síðast árs sem eru:

- Talstöðvarrás FETAR
- Eitthvað annað

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir aðalfund að þessu sinni.

5. Kosning stjórnar

Í stjórn voru kosnir:

- Hinrik Bjarnason
- Jón Páll Baldvinsson - formaður
- Kristján G. Kristjánsson - gjaldkeri
- Páll Halldór Halldórsson
- Sveinn Sigurður Kjartansson - ritari

6. Ákvörðun um félagsgjald

Fundurinn samþykkir að hafa félagsgjaldið óbreytt eða kr. 15.000,- á ári.

7. Önnur mál

- Gæðastefna FETAR: lagt var fram uppkast að gæðastefnu FETAR og rætt um að virkja hana gagnvart öllum félögum. Umræða skapaðist um nauðsyn þess að FETAR virkjaði slíka gæðastefnu m.t.t. ásýnd samtakanna og mikilvægi í samskiptum við opinbera aðila sem. VAKANN var einnig ræddur í þessu sambandi en almennt töldu félagsmenn að hann hentaði aðilum innan FETAR illa. Fundurinn felur stjórn FETAR að virkja umrædda gæðastefnu með eða án breytinga sem henni þurfa þykir.